

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð, 1096. fundur
Varðandi: Beiðni alþingis um umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð.
Nr. erindis 201210303
Dags.: 05.11.2012
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að heimilt sé að greiða uppbót vegna kaupa á bifreið eða styrk til reksturs bifreiðar foreldra eða annarra náinna ættingja sem ekki eigi lögheimili á sama stað og hinn fatlaði. Forsenda fyrir því að slíkt sé heimilað er eins og fram kemur í frumvarpinu að tveir óháðir og óskyldir fagaðilar, heimilislæknir og félagsmálastjóri staðfesti mikilvægi styrksins.

Mikilvægt er að opinberum fjármunum sem varið er til stuðnings fötluðu fólki renni ótvírátt til þjónustu við þá einstaklinga. Tillaga um breytingu á 10.gr. laganna með tilkomu heimildar um greiðslu styrks eða uppbótar til annarra en bótaþega er til þess fallin að opna möguleika á að fjármunirnir renni í vasa annarra en þeirra sem nauðsynlega þurfa á þeim að halda.

Undirrituð telur ekki ástæðu til að mæla með breytingu á lögunum í samræmi við framlagt frumvarp.

Virðingarfyllst,
Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs